



„Það var bara svo gaman að kenna“: Matthildur Guðmundsdóttir, kennari og kennsluráðgjafi

Höfundar: Jónína Vala Kristinsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir

► Abstract ► Um höfunda ► About the authors ► Heimildir

Mynd 1¹

Matthildur Guðmundsdóttir



Frásagnir af kennsluháttum kennara sem lokið hafa störfum og reynslu þeirra af skólastarfi eru gagnlegar fyrir kennaranema og þá sem starfa að kennaramenntun því þær veita upplýsingar um þróun í starfsháttum kennara. Tilgangurinn með þessari grein er að gefa innsýn í starf grunnskólakennara sem hóf kennsluferil sinn um miðja síðustu öld og lauk starfsferli sínum sem kennsluráðgjafi við aldarlok. Matthildur Guðmundsdóttir var ötul við að kynna sér nýjungar í kennsluháttum og framfarir í skólastarfi og tileinka sér þær í kennslu sinni. Hún átti gott samstarf við námstjóra í Skólarannsóknadeild Menntamálaráðuneytisins og síðar við starfsfólk Kennaraháskóla Íslands. Þegar hún tók við starfi kennsluráðgjafa á Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur nýtti hún sér reynslu sína sem kennari og hélt áfram að leita eftir samstarfi við fagfólk á sviði menntamála. Greint er frá verkefnum og námskeiðum sem Matthildur tók þátt í til að varpa ljósi á þætti sem áhrif höfðu á starf hennar.

Við rannsóknina á störfum Matthildar var beitt frásagnarrýni. Tekin voru tvö viðtöl við Matthildi. Í því fyrra sagði hún frá því sem var henni minnisstæðast af starfsferlinum. Greind voru þemu sem fram komu í frásögninni og í síðara viðtalinu var spurt nánar út í þá þætti sem mótuðu frásögnina. Í ljós kom að Matthildur lagði sig fram um að þróa kennsluhætti sína þau rúm 30 ár sem hún starfaði sem kennari og átti í samstarfi við bæði samkennara og annað fagfólk. Á ferli sínum sem kennsluráðgjafi byggði hún á kennslureynslu sinni og hélt áfram að eiga samstarf við annað fagfólk í menntamálu.

Efnisorð: Lestrarkennari, samvinna, kennsluráðgjafi, starfsleikninám, fjölbreyttir kennsluhættir

Inngangur

Matthildur Guðmundsdóttir fæddist að Látrum í Aðalvík árið 1935. Hún hóf skólagöngu sína þar og eftir að hún fluttist til Ísafjarðar, árið 1943, gekk hún í grunnskóla Eyrarhrepps og síðar gagnfræðaskólann á Ísafirði þaðan sem hún lauk landsprófi miðskóla árið 1951. Matthildur minnst fyrsta kennara síns, Kristínar Jóhannesdóttur frá Skáleyjum, sem framsýnnar kennslukonu. Hún hafði lært að kenna lestur með hljóðaaðferðinni og bar þá nýjung með sér í kennslu sína. Kristín lagði líka áherslu á söng og dans og setti upp leikrit með nemendum.

Hugur Matthildar stefndi snemma til menntunar. Hún sá tækifæri í að mennta sig sem kennari því þá fengi hún sömu réttindi og laun og skólabræður hennar að námi loknu og lauk hún kennaraprófi

¹ Myndir 1 -2 tók Jón Freyr Þórarinsson.

árið 1955. Þær hröðu breytingar á lífsháttum Íslendinga á þessum tímum sem Matthildur hafði kynnst af eigin raun urðu henni hvatning til að fylgjast vel með þróun skólamála og laga vinnu sína með börnum að breyttum samfélagsháttum.

Tilgangurinn með skrifum greinarinnar er að gefa lesendum innsýn í starf kennara sem hóf kennslu um miðja 20. öld og lauk starfsævinni sem kennsluráðgjafi við aldarlok. Á starfsævi Matthildar urðu miklar breytingar á skólastarfi, kennsluháttum og viðhorfum til náms og kennslu sem hún fylgdist vel með. Gefin verður innsýn í ákveðna þætti í þróun skólastarfs og kennsluhátta á Íslandi á þeim tíma sem Matthildur var við störf til að hjálpa lesandanum að setja frásögn hennar í samhengi við stöðu menntamála á þessum árum. Fjallað verður um lestrarkennslu, námsefnisgerð, námskeið fyrir kennara og norrænt samstarf. Allt eru þetta þættir sem tengjast starfi hennar sem kennara og kennsluráðgjafa.

Frásögn Matthildar af starfsferlinum er meginefni greinarinnar og honum gerð skil í tímaröð. Fyrst er fjallað um kennsluferilinn, en meginþættirnir sem komu fram í máli Matthildar eru áhersla á lestrarkennslu og kennslu í stærðfræði, samfélagsfræði og umhverfismennt. Samstarf við námstjóra í Skólarannsóknadeild og fleiri fræðimenn er Matthildi hugleikið í frásögninni. Þá er rætt um kennsluráðgjafastarfið. Þar eru meginstefin samvinna milli leik- og grunnskóla, danskennsla í grunnskólum og námskeiðahald.

Frásagnarrýni sem rannsóknaraðferð

Frásagnarrýni (e. narrative inquiry) var notuð til að skrá sögu Matthildar. Aðferðin hjálpaði okkur að fanga augnablikið sem hún lýsti hverju sinni og tengja við reynslu okkar og þekkingu á viðfangsefninu (Clandinin, 2013; Connelly og Clandinin, 2000). Frásagnarrýni er innblásin af reynslu og tilfinningum og í þessu tilfelli margra ára reynslu Matthildar sem kennara og kennsluráðgjafa af skólastarfi á Íslandi, þróun og breytingum sem ná yfir meira en hálfa öld.

Gagnasöfnun og greining

Tekin voru tvö viðtöl við Matthildi. Í því fyrra sagði hún frá því sem henni er minnisstæðast af starfsferlinum og því sem hún er stoltust af að hafa komið í verk. Greindir voru þættir sem fram komu í frásögninni og mynduðu þeir beinagrind hennar. Í seinna viðtalinu var hún beðin að segja nánar frá ákveðnum þáttum í starfinu, dýpka frásögn sína og skýra betur ýmislegt sem fram kom í fyrra viðtalinu. Við, höfundar greinarinnar, áttum samstarf við Matthildi þegar hún var kennsluráðgjafi í tengslum við námskeiðahald og þróunarverkefni. Samtalið byggðist því að hluta til á sameiginlegri reynslu þar sem oft var vísað til atburða og verkferla sem hún og önnur okkar eða báðar höfðu tekið þátt í.

Við gagnagreininguna lásúm við fyrst yfir bæði viðtölin og höfðum til hliðsjónar hvort frásagnirnar fjölluðu um kennsluferilinn eða kennsluráðgjafastarfið. Í næstu umferð röðuðum við frásögnunum í tímaröð. Að lokum flokkuðum við sögurnar eftir inntaki þeirra og þeim meginþáttum sem fram komu í frásögninni. Varðandi kennslureynsluna kom kennsla í lestri, stærðfræði, samfélagsfræði og umhverfismennt sterkast fram. Í sögunum um kennsluráðgjafastarfið var mest áberandi samvinna milli leikskóla og grunnskóla, danskennsla í grunnskólum borgarinnar, samvinna við Kennaraháskólann um námskeið fyrir kennara og þar á meðal starfsleikninám í nokkrum grunnskólum.

Þættir í þróun skólastarfs sem áhrif höfðu á störf Matthildar

Hér verður fjallað um valda þætti í þróun skólastarfs og kennsluhátta á Íslandi á síðari hluta 20. aldar til að varpa ljósi á frásögn Matthildar af starfsferli sínum. Áherslan er á þá þætti sem áhrif höfðu á starf hennar sem kennara og kennsluráðgjafa, svo sem lestrarkennslu, námsefnisgerð og námskeiðahald fyrir kennara.

Um það leyti sem Matthildur hóf kennsluferil sinn var mikil gróska í menntamálum víða um lönd og breytingar í gangi á skólakerfum, kennaramenntun, námskrár- og námsefnisgerð og einnig á námsmati. Áhersla var víða lögð á aðgengi fleiri hópa en fyrr að menntun og sýn manna á eðli þekkingar, og hvernig hún nýtist samfélagi okkar (Wolfgang Edelstein, 2008). Matthildur lagði áherslu á að setja sig inn í þær breytingar sem urðu á hugmyndum um skólastarf og nýtti sér þær í starfi sínu.

Lestrarkennsla

Í kennaranámi sínu kynntist Matthildur stefnum og straumum sem voru ríkjandi í skólumálum á fyrri hluta 20. aldar. Ísak Jónsson kenndi um lestrarkennslu í Kennaraskóla Íslands frá 1932. Hann stofnaði skóla sinn, Skóla Ísaks Jónssonar, árið 1926 og þróaði þekkingu sína á hljóðaaðferðinni í kennslu sinni (Helga Magnúsdóttir, 1987).

Helga (1987) skrifar um hljóðaaðferðina í bókinni *Lestur – Mál* og gerir þar grein fyrir hvernig byrjunarkennslan skiptist í stafhljóðastig eða innlögn stafa og eftir það tekur við setningastig (eða orða- og setningastig). Kennslan á stafhljóðastigi er hópkennd og unnið með hvern einstakan staf og hljóð hans. Þá er byrjað á hljóðsögu:

Sögð er stutt saga með mikilli tíðni þess máhljóðs sem kenna á þann daginn. Síðan er reynt að einangra hljóðið á þann hátt að barnið sjálf ná því út úr orðinu [...] börnin finna sjálf orð þar sem hljóðið kemur fyrir. (Helga, 1987, bls. 98)

Næst er unnið með tákni fyrir hljóðið og myndræn táknlíking fyrir hljóðið látin koma fram (dæmi: Fáni sem táknlíking fyrir F). Það hjálpar minni barnsins bæði á hljóð og tákni. Heyrnarskynjun færirst svo yfir í sjónskynjun. Þegar barn er farið að geta lesið örlítið er farið að vinna með orð og setningar í léttum texta. Börnin læra fyrst að tengja saman þau hljóð sem þau hafa lært og er fyrsta skrefið kallað tengilestur. Þá tekur við lestur stuttra orða og síðar stuttra setninga (Helga, 1987). Í kennslu sinni notaði Matthildur það sem hún lærði um hljóðaaðferðina í námi sínu og byggði lestrarkennslu sína á þeim grunni, en þróaði jafnframt sín eigin vinnubrögð.

Seinna kynntist Matthildur lestrarkennsluferlinu: Lestur á talmálsgrunni (LTG) (s. læsning på talets grund) (Leimar, 1974). Þar er lögð áhersla á að vinna samhliða með talað mál og ritað og frásagnir barnanna eru lagðar til grundvallar lestrarnáminu. LTG-æfingum er skipt í fimm stig; samtalsstig, textagerð, vinnustig, lestur og úrvinnsla. Börnin semja sögu um sameiginlega reynslu sína (til dæmis um vettvangsferðir í skólastarfinu). Kennarinn er í upphafi ritari hópsins og skráir söguna þannig að börnin geti fylgst með og jafnframt er textinn hljóðaður. Á þessu stigi gefst barninu tækifæri til að uppgötva sambandið milli talaðs hljóðs og texta. Á vinnlustiginu fá börnin bæði að lesa textann saman í kór og æfa sig í að finna og endurþekkja bókstafi, orð og setningar. Á lestrarstiginu les hvert barn textann af blaði. Stríkað er undir orðin sem nemandinn getur lesið sjálfur. Á úrvinnlustiginu skrifar nemandinn á spjöld öll orðin sem stríkað var undir. Nemandinn safnar svo spjöldunum í orðakassa sinn og notar til frekari úrvinnslu (Leimar, 1974). Matthildur hafði alla tíð lagt áherslu á að nemendur hefðu áhrif á ferlið í lestrarnáminu og væru virkir þátttakendur í að semja hljóðsögur. Að byggja á frásögnum nemenda og vinna samhliða með talað mál og ritað var því ekki nýtt fyrir henni og það styrkti hana í lestrarkennslunni að kynnst þessari nálgun við kennsluna.

Námsefnisgerð og námskeið fyrir kennara

Matthildur nýtti sér að geta átt samstarf við námstjóra Skólarannsóknadeildar Menntamálaráðuneytisins sem starfaði á árunum 1971–1984. Námstjórnir veittu kennurum ráðgjöf um kennslu og sáu um samningu nýs námsefnis fyrir nemendur á skyldunámsstigi. Fjöldmörg námskeið fyrir kennara voru haldin á vegum deildarinnar. Í fyrstu voru þau ætluð kennurum sem tilraunakenndu nýtt námsefni en síðar einnig öðrum sem vildu læra að nota nýtt námsefni með fjölbreyttum og nýstárlegum kennsluaðferðum. Námskeiðin voru mörg haldin í samráði við Kennaraháskólann, sem síðan tók alfarið við því verkefni 1974 (Helgi Skúli Kjartansson, 2008).

Wolfgang Edelstein hafði mikil áhrif á námskrár- og námsefnisgerð í samfélagsfræði á áttunda og níunda áratug 20. aldar (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2008). Wolfgang (2008) lagði áherslu á að þroskasálfræði hafi aukið þekkingu á námsferlinu og við það breyttust starfsforsendur kennara. Þekking á félagsmótun barna og unglinga og áhrifum samfélagsins á líf þeirra og andlegt starf taldi hann skapa skólanum forsendur til að móta starf sitt. Hann taldi að uppbyggileg samskipti nemenda og kennara um nám stuðli að virku námi og lifandi skóla. Lýðræðisleg og barnlæg jafnréttissjónarmið voru ríkjandi í þeirri umbótastefnu sem lögð var áhersla á í Skólarannsóknadeild. Hún einkenndist einnig af tækni- og vísindahyggju og sterkri sannfæringu um að umbætur í skólastarfi geti stuðlað að framförum í samfélaginu. Lögð var áhersla á að börn þyrftu að fá að virkja bæði huga og hönd til að leita sér þekkingar. Með því að framkvæma athuganir og tilraunir afli þau sér upplýsinga, læri vinnubrögð og öðlist þekkingu sem nýst geti þeim í daglegu lífi og áframhaldandi námi (Ingólfur, 2008).

Matthildur átti frumkvæði að því að fá Gunnar Karlsson sagnfræðing til að skrifa námsefni fyrir börn á miðstigi grunnskóla um sögu Íslands. Það var upphafið að skrifum Gunnars á kennslubókunum *Sjálfstæði Íslendinga* sem fjalla um sögu Íslands frá þjóðveldisöld og allt fram á 20. öld. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð nemenda og teiknimyndasögur notaðar til að sviðsetja atburði og einnig veitt yfirlit yfir þróun Íslandssögunnar á þessum tíma (Sverrir Jakobsson, 2020). Í þessum bókum var í fyrsta sinn fjallað um konur og börn í íslenskum kennslubókum í sögu og var þarna um mikið frumkvöðlastarf að ræða. Sagt var frá daglegu lífi barna og kvenna en minni áhersla lögð á stjórn málaerjur og bardaga en í fyrri kennslubókum um sögu Íslands fyrir börn (Gunnar Karlsson, 1985, 1986, 1988). Margir starfandi kennarar tóku þátt í að kenna efnið í frumútgáfu og seinni útgáfum fylgdu kennslutillögur sem kennarar áttu þátt í að semja.

Starfsleikninám

Starfsleikninám var skipulagt á vegum endurmenntunardeildar Kennaraháskóla Íslands í samstarfi við fræðsluskrifstofur og var vinsælt í íslenskum grunnskólum á 9. og 10. áratug síðustu aldar. Keith Humphreys kom til landsins til að endurskipuleggja nám við KHÍ fyrir sérkennara. Samhliða því kynnti hann starfsleikninám, fyrst fyrir kennara í sérskólum og síðar fyrir almenna kennara. Námið stóð yfir í eitt til tvö skólaár og byggðist á að þátttakendur, sem voru kennarar í sama skóla, nýttu sér samstarf til náms og breytingastarfs í skólanum. Lögð var áhersla á gerð einstaklingsnámskrár í sérkennslu og fjallað var um greiningu námsþarfa, markmiðssetningu, skipulagningu náms og námsmat. Segja má að starfsleikninámið hafi haft djúpstæð áhrif á starfið í þeim skólum sem tóku þátt í því (Þorsteinn Sigurðsson, 1991).

Norrænt samstarf

Árið 1986 tók Matthildur þátt í námskeiði á Borgundarhólmi í Danmörku fyrir kennara sem leitt var af Jørgen Frost, sérkennsluráðgjafa þar, og Ingvar Lundberg, prófessor í Umeå (Helga Friðfinnsdóttir o.fl., 2018). Á námskeiðinu var fjallað um rannsóknir á tengslum hljóðkerfisvitundar barna við lestrarferlið. Á Íslandi leiddu þær Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir, kennarar í Garðabæ, vinnu við að kynna íslenskum kennurum þessar rannsóknir og þýddu og staðfærðu námsefni, sem á íslensku hlaut nafnið *Markviss málörvun* (Helga o.fl., 2018) og hefur verið notað í leikskólum og á yngsta stigi grunnskóla frá 1987. Námsefnið byggist á því að nám fari fram í gegnum leik. Markmiðið með leikjunum er að auka málvitund barnanna og að vekja áhuga þeirra um leik og leikþörf og leikgleði þeirra er mætt (Helga o.fl., 2018).

Annað norrænt samstarfsverkefni sem Matthildur kom að sem kennsluráðgjafi árin 1993–1996 var um tengsl leik- og grunnskóla. Verkefnið var á vegum norrænu ráðherranefndarinnar um skólabyrjun og nefndist „Skolestart i Norden“. Íslenska þróunarverkefnið beindist að því að finna leiðir til að brúa bilið milli leik- og grunnskóla, bæði hvað varðaði inntak náms og starfshætti, og efla samstarfið milli Fósturskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands (Menntamálaráðuneytið, 1997).

Hér hafa verið dregnir fram þættir í íslenskri skólasögu sem höfðu að einhverju leyti áhrif á starf Matthildar sem kennara og kennsluráðgjafa. Gefin var innsýn í brot af þeirri miklu grósku í menntamálum sem átti sér stað á Íslandi síðari hluta 20. aldar til að varpa ljósi á starfsumhverfi hennar. Nú verður fjallað um starf Matthildar sem kennara og síðan sem kennsluráðgjafa og lögð áhersla á það sem einkenni starfsferil hennar.

Kennsluferill

Matthildur byrjaði kennsluferil sinn í Skóla Ísaks Jónssonar árið 1955 og færði sig síðar í Laugarnesskóla. Á kennsluferlinum lagði Matthildur sig fram um að kynna sér nýjungar í menntamálum og taka þátt í þróunarstarfi til að bæta kennslu sína.

Skóli Ísaks Jónssonar – 1955–1974: Hljóðlestrarkennsla, leikur, söngur og dans

Eftir að kennaranámi lauk árið 1955 réð Matthildur sig til kennslu í Skóla Ísaks Jónssonar þar sem hún kenndi 6–8 ára gömlum börnum í 19 ár. Í kennaranáminu hafði Matthildur kynnst hljóðaaðferðinni og þeim grunni sem hún er byggð á. Í Ísaksskóla kynntist hún svo þeim vinnubrögðum sem þar var byggt á í lestrarkennslunni:

Það var mitt stóra og mikla áhugamál að kenna lestur. Ég samtvinnnaði það svo fljótt, þessar tvær höfuðgreinar, lestur og stærðfræði. Mér fannst það alltaf vera grunnurinn með þessum litlu börnum.

Matthildur segir frá því að þegar hún byrjaði kennsluferil sinn hafi hún verið ákveðin í að reyna í kennslu vinnubrögð sem voru henni hugleikin. Hún taldi mikilvægt að huga að þroska barnanna og áhugasviði og að leikurinn væri í fyrirrúmi hjá ungum börnum:

Ísak var afskaplega víðsýnn. Í skólanum var til fullt af alls konar gögnum fyrir lítil börn varðandi stærðfræðikennslu, sem var meira, að ég held, þarna í Ísaksskóla heldur en yfirleitt á landsvísu. Þannig að við notuðum heilmikið alls konar hjálpartæki og alls konar spil og kubba og annað í stærðfræðinni þar.

Matthildur dregur fram gamla ljósmynd þar sem sést hvernig hún fylgist með barni sem er að raða spjöldum í ramma (sjá *Mynd 2*). Rammanum var svo hægt að hvolfa og ef rétt hafði verið raðað kom mynd í ljós á bakhliðinni. Þessi kennslugögn voru talsvert notuð á 6. og 7. áratug síðustu aldar.

Mynd 2

Matthildur fylgist með barni leysa verkefni.



Matthildur leggur áherslu á að henni fannst hún í upphafi starfs síns hafa svigrúm til að skapa þær námsaðstæður sem hún vildi búa nemendum sínum í skólanum. Hún segir frá því hvernig hún útbjó brúðuleikhús sem hún notaði í kennslunni. Það bjó hún til heima hjá sér með aðstoð eiginmanns síns, sem smíðaði ramma en sjálf saumaði hún tjöld sem hægt var að draga fyrir:

Og strax þarna í Ísaksskóla þá var ég með brúðuleikhús inni í skólastofunni ... síðan var þetta bara sett á eitt af skólaborðunum og börnin stóðu svo fyrir aftan og voru með fingrabrúður sem þau bjuggu til.

Börnin sögðu svo sögur og ævintýri þar sem brúðurnar voru leikendur sem þau stýrðu og þannig sköpuðu þau sitt eigið leikverk. Brúðuleikhúsið var notað bæði í sambandi við lestrarkennsluna og önnur viðfangsefni sem fengist var við í skólanum.

Skapandi vinnubrögð einkenndu kennslu Matthildar á fleiri sviðum. Hún lagði áherslu á söng, söngleiki og dans. Áhugi hennar á dansi og danskennslu fylgdi henni alla tíð og beitti hún sér seinna fyrir því að danskennsla varð fastur liður í yngri bekkjum grunnskóla í Reykjavík:

Svo varð ég alltaf óskaplega, hvað á ég að segja, mér fannst það tilheyra að vera alltaf með söng og söngleiki eða dans. Það var mjög fljótlega sem ég byrjaði á því. Um leið og börnin komu inn þá sungum við. Ég beið ekki eftir að við settumst og það væri þögn í stofunni heldur bara að um leið og þau komu inn, nú erum við öll komin inn, þá sungum við. Þar með vorum við öll komin saman. Þá þurfti ekki að bíða eftir því að þau hættu að spjalla því að þau hættu að spjalla um leið og þau fóru að syngja.

Í Skóla Ísaks Jónssonar voru gerðar kennsluáætlanir fyrir lestrarkennsluna sem kennararnir notuðu. Þær voru byggðar á þróunarvinnu Ísaks og var skipulagið nokkuð fastmótað um hvaða hljóð og stafi var byrjað að vinna með og hvað tæki svo við. Til varð banki af hljóðsögum sem kennararnir notuðu og einnig hugmyndir að verkefnum í tengslum við hvern staf. Kennsluáætlanir kennara í Ísaksskóla byggðust á að fylgja þessu ferli við lestrarkennsluna og var fyrir fram ákveðið hvaða hljóð og stafir væru kynnt á hverjum tíma.

Þörf Matthildar fyrir að vinna á skapandi hátt með nemendum sínum og leyfa hugmyndum barnanna að þróa vinnuferlið og það námsumhverfi sem varð til í skólastofunni féll ekki að því stífa skipulagi sem þróast hafði í skólanum, sérstaklega í tengslum við lestrarkennsluna:

Ég var orðin þreytt á þessu fasta formi í Ísaksskóla. Það voru hefðbundnar aðferðir í Ísaksskóla ... það var svo þétt haldið utan um allt, í föstum skorðum og góðum. Þetta var vandað allt saman en mig langaði svo til þess að mega skapa sjálf. Þeir sem taka við af Ísak held ég að séu sannir þeirri hugmyndafræði sem Ísak byggði á. Þjóðfélagið breytist en mér fannst ... þetta var allt í föstum skorðum og allt afskaplega vandað og vel haldið utan um en, mig langaði svo að þróa eitthvað meira.

Eftir tæplega tveggja áratuga starf í Ísaksskóla ákvað Matthildur að skipta um vinnustað.

Laugarnesskóli 1974–1987: Skapandi vinnubrögð og þróun kennsluhátta

Eftir 19 ára kennslu í Skóla Ísaks Jónssonar ákvað Matthildur að færa sig um set og hóf kennslu í Laugarnesskóla. Þar kenndi hún yngri börnum, aðallega sex og sjö ára gömlum til að byrja með. Seinna fylgdi hún nemendum sínum áfram upp á miðstig.

Lestrarkennsla í stöðugri þróun

Í nýja skólanum fannst Matthildi hún hafa meira frjálsræði í vinnubrögðum en fyrr. Þar fannst henni hún njóta sín við að þróa sínar eigin áherslur í lestrarkennslunni á grunni hljóðaaðferðarinnar. Hún nýtti sér umhverfi og áhugamál barnanna þegar hún sagði þeim hljóðsögur í tengslum við lestrarkennsluna:

... þá var það bara svo óskaplega eðlilegt að nýta það sem var í umræðunni. Ef ég var að kenna „E“ þá var Emil í Kattholti aðalpersónan. Ég sagði krökkunum sögur af Emil og prakkarastrikunum hans og við sungum og dönsuðum.

Áherslan á sönginn og dansinn er sterk í frásögnum Matthildar af kennslu hennar og greinilegt að hún naut þess að geta þróað vinnubrögð sín í takt við trú sína á sköpun og leik sem öflugna námsleið ungra barna:

... og mér lá aldrei neitt á með bókstafina. Ég var ekki endilega með í huga að ég yrði að komast yfir að vinna með hvern bókstaf á einhverjum tilsettum tíma. Það fór bara eftir því hvaða áhuga ég náði með börnunum. Hvað við spunnum mikið út frá kannski þessum eina bókstaf eða máhljóði.

Í nágrenni Laugarnesskóla bjó myndhöggvarinn Ásmundur Sveinsson og þar var einnig vinnustofa hans. Í garðinum kringum húsið voru höggmyndir hans frá ýmsum tímabilum. Austan megin við húsið voru eldri höggmyndir, fingerðar og viðkvæmar. Vestan megin voru nýju verkin, stórar höggmyndir af tröllum sem Ásmundur vann að á 7. og 8. áratugnum. Þangað fór Matthildur með nemendum sínum sem nutu þess að klifra í styttnum og kanna þessar tröllslegu verur (sjá *Mynd 3*). Þau unnu svo úr reynslu sinni í skólastofunni (sjá *Mynd 4*):

... þegar ég var að leika mér með „T“ og við notuðum þrjá daga og miklu meira í raun og veru. Bara í það að fara og klifra í stóru tröllunum þar, Ásmundur leyfði það, við máttum koma ... og tengja svo máhljóðið, þegar við vorum búin að tala mikið um tröll og tröllalævintýri, að tengja þá bókstafinn og hljóðið við þessa vinnu með tröllin.

Mynd 3²

Styttur Ásmundar rannsakadjar.



Mynd 4

Tröll.



Árstíðirnar höfðu líka áhrif á hvaða hljóð Matthildur kaus að vinna með hverju sinni. Á haustin eru farfuglarnir að undirbúa sig fyrir flug yfir hafið og þá var nærtækt að tengja lestrarnámið umfjöllun um fuglana sem börnin sáu æfa sig fyrir flugið langa:

Já, það var þannig sem ég hafði lestrarkennsluna að ég kveikti, ég var með einhverja kveikju áður en að ég tengdi yfir á bókstafinn. Til dæmis með „F-ið“, fólk sem flýgur og fiðrildin og fuglarnir, og fönndra með það og þar með var þessi bókstafur og hljóð hans komið inn líka.

Matthildur lagði áherslu á að börn sem þegar voru farin að lesa þegar þau byrjuðu í skóla fengju verkefni við hæfi. Þannig gátu öll börnin fengið að vinna á sínum forsendum:

Ævintýrin, leikirnir, dansinn, söngurinn og fönndrið. Svo ég vitni aftur í þetta með „F-ið“. Það voru náttúrlega bara fönndraðir fuglar og fiðrildi. Farið í náttúruskoðun svo að lesandi börnin höfðu fullt að gera og gátu þá líka farið að skrifa orðin, sem tilheyrðu sérstaklega þessu viðfangsefni. Á meðan voru hin að feta sig í að skrifa bókstafinn og tengja hann við önnur hljóð.

² Myndir 3–13 tók Matthildur Guðmundsdóttir.

Þannig að ég reyndi að komast hjá því að þetta yrði stagl. Enda mörg af þessum börnum sem kunnu að lesa, þau þurftu náttúrulega að læra að skrifa stafina almennilega, æfa sig í skrift.

Mynd 5

F og f. Fuglar og fiðrildi.



Mynd 6

Leikur með f og t.



Leikurinn sem námsleið barna kemur endurtekið fyrir í frásögnum Matthildar. Hún sagði við foreldra að ef börnin segðu að þau hefðu bara verið að leika sér í skólanum þá gætu þeir verið vissir um að þau hefðu lært eitthvað:

Ég vildi að námið sem að þau öðluðust kæmi í gegnum leikinn. Til dæmis með „B“, þau bjuggu bara til bílabraut á stóran maskínupappír, bjuggu svo til einhverja bíla og komu líka með einhverja smábíla að heiman. Svo var bara setið þarna við að keyra bíla á bílabrautinni.

Matthildur sagði margar fleiri sögur af því hvernig ferlið við lestrarnámið þróaðist í samvinnu hennar við börnin. Sögurnar breyttust svo með nýjum nemendahópi því áhugamál og reynsla barnanna var ólík.

Matthildur reyndi að fá samkennara sína til samstarfs um að þróa kennsluhætti í lestrarkennslu en það hlaut ekki mikinn hljómgrunn, þannig að hún sótti sér þekkingu og reynslu með því að eiga samstarf utan skólans. Hún tók meðal annars þátt í námskeiði um lestur á talmálsgrunni (LTG). Þar kynntist hún því hvernig sameiginleg reynsla nemenda og sögur þeirra um hana voru nýttar sem grunnur í lestrarkennslunni (sjá *Mynd 7*). Þessi nálgun var í takt við það sem hún hafði sjálf verið að þróa, eins og frásagnir hennar af klifri í styttnum Ásmundar af tröllum eru dæmi um. Samstarf við Þóru Kristinsdóttur, sérkennara og sérfræðing í lestri, sem á þessum árum kenndi við Æfingaskóla Kennaraháskóla Íslands, var henni mikilvægt og þar kynntist hún námsspilum í lestrarkennslu. Hún sótti námskeið hjá Þóru um gerð námsspila í lestri og notaði þau í kennslu sinni (sjá *Mynd 8*).

Mynd 7

Unnið með texta.



Mynd 8

Orðakapall.



Breyttar áherslur í stærðfræðikennslu og ný sýn á stærðfræðinám barna

Vinnubrögðin sem Matthildur lýsir í tengslum við lestrarkennsluna notaði hún líka í annarri kennslu. Hún hafði frá mörgu að segja og kom víða við í frásögn sinni um kennsluhætti sína og skipulag skólastarfsins:

Þannig að, þetta var svona það sem að ég gekkst upp í, tengdi stærðfræðina svolítið þétt inn í þessa ævintýramennsku ... þegar ég fór að kenna eldri börnum var um það að ræða að lesa upp úr einhverri sögu og finna stærðfræðina í sögunni. Þetta þróaðist svo eftir að við fórum að kafa svolítið í annarri nálgun að stærðfræðinni.

Í Laugarnesskóla eru skólastofurnar litlar og þurfti því að beita útsjónarsemi til að geta notað skapandi vinnubrögð. Þá þýddi ekkert annað en að reyna alla hugsanlega möguleika til að skapa rými fyrir börnin:

Ég var kannski með skífu á vegg og einhverjir gátu prófað að henda baunapokum eða einhverju slíku á einhverja reiti til þess að safna stigum, það voru talnaleikir. Þá límdi ég kannski málarateip á gólfid í mismunandi fjarlægð. Ég límdi líka á gólfín, parísa og einhverjar þrautir sem þau áttu að leika sér með í sambandi við talnameðferð og fjöldahugtök.

Á námskeiðum sem Matthildur sótti hjá námstjórum við Skólarannsóknadeild kynntist hún námsspilum sem hún var dugleg að búa til og notaði í kennslu sinni. Hún tók þátt í stóru þróunarverkefni um notkun spila í kennslu sem leitt var af námstjórum við Skólarannsóknadeild. Hún gekkst fyrir vinnustofum með kennurum og samdi í samvinnu við aðra spil sem gefin voru út, auk handbókar í samvinnu við námstjóra í skólarannsóknadeild:

Ég bjó til býsn af námsspilum í sambandi við bæði stærðfræði og lestur. Ég byrjaði mjög fljótt á því, þó að stofurnar væru litlar í Laugarnesi, að reyna að láta krakkana vinna í hópum, þó að hóparnir væru hver ofan í öðrum. Kannski voru einhverjir með stærðfræðiþrautir á meðan aðrir voru að æfa sig í að lesa einhver erfið orð. Ég fór alveg á bólakaf í að nýta mér námsspil. Þá voru ekki til nein námsspil svo ég varð að búa þau til.

Vegna þess hve litlar skólastofurnar voru fengu nemendur oft að fara fram á gang til að spila. Sumir kennarar í skólanum litu það hornauga og fannst ekki ásættanlegt að börnin væru á göngunum. Matthildur reyndi að finna leiðir til að gefa börnunum svigrúm til að dreifa sér um húsnæði skólans, því þau vinnubrögð sem hún notaði kölluðu á meira rými en hún hafði innan kennlustofunnar (sjá *Mynd 9* og *Mynd 10*). Þegar árekstrar urðu við aðra kennara reyndi hún að finna lausnir, svo sem að fá að nota aðstöðu í skólasafni.

Mynd 9

Skapandi stærðfræðinám.



Mynd 10

Stærðfræðimynstur.



Matthildur átti gjöfult samstarf við Önnu Kristjánsdóttur, námstjóra í stærðfræði. Hún fékk Önnu til að halda með sér námskeið fyrir forráðamenn nemenda sinna. Á námskeiðinu kynntust þeir breyttum áherslum í stærðfræðikennslu og nýrri sýn á stærðfræðinám barna sem Matthildur var sjálf

að kynna sér og nýta í kennslu sinni. Forráðamenn barnanna fengu að reyna sjálfir hvernig leikir og spil voru markvisst notuð í skólastofu barna þeirra og kynnast þannig hve öflug námsleið leikurinn er. Þeir voru líka velkomnir í skólann til að taka þátt í starfinu. Matthildur skipulagði heimsóknir þeirra og sumir héldu kynningar fyrir börnin sem tengdust starfi þeirra.

Samfélagsfræðikennsla í samvinnu við Skólarannsóknadeild

Þau ár sem Matthildur kenndi við Laugarnesskóla átti hún farsælt samstarf við námstjóra Skólarannsóknadeildar og samvinna hennar við Ingvar Sigurgeirsson, námstjóra í samfélagsfræði, varð til þess að hún tók þátt í að þróa kennsluleiðbeiningar við námsefnið Líf á norðurlóðum. Í tengslum við það sótti hún námskeið um samfélagsfræðikennslu sem haldið var að Stóru-Tjörnum í Þingeyjarsýslu sumarið 1976. Þar kenndu meðal annarra Erla Kristjánsdóttir, Ingvar Sigurgeirsson, Kristín Tryggvadóttir og Haraldur Ólafsson mannfræðingur. Samkennari hennar í árgangi á komandi skólaári, Una Sveinsdóttir, tók þátt í þróunarstarfinu af fullum krafti með Matthildi. Þær kenndu níu ára börnum og unnu mikið saman. Þrátt fyrir að Una væri mun eldri en Matthildur náðu þær vel saman um að breyta kennsluháttum sínum í samfélagsfræði:

... þegar ég var þarna að vinna í Lífi á norðurlóðum þá unnu krakkarnir námsspil, það var kort af Grænlandi. Við höfðum þetta fyrir „angalang“ allt í kringum Grænland og þau unnu upp svo og svo mörg spjöld sem þau áttu að draga þegar þau komu á vissa staði sem voru á Grænlandi. Þannig að það voru vinnubrögðin þeirra í sambandi við Líf á norðurlóðum að þau bjuggu sjálf til spjöld og skrifuðu á þau hvað var að gerast á hverjum stað, fjögur atriði, og mótuðu allan „angalanginn“.

Í þessari vinnu unnu börnin í hópum, eins og við flest önnur verkefni sem þau fengust við í kennslustofunni hjá Matthildi:

Þetta var auðvitað hópavinna, sumir voru að vinna með veiðar Grænlandinga eða menningu, allir unnu með ákveðið efni. Þannig að það varð til fullur kassi af spjöldum sem krakkarnir unnu í sambandi við þetta efni um Líf á norðurlóðum.

Í frásögnum Matthildar kemur fram að hún leggur áherslu á sjálfstæði nemenda og samvinnu þeirra. Þeir útbúa landakort, semja sjálfir spurningar fyrir spil og nota við það lesefni og annað tiltækt efni (*sjá Mynd 11*). Spurningunum svara þeir og bekkjarfélagarnir svo þegar spilið er spilað. Hver nemendahópur semur spurningar um ákveðið viðfangsefni og verða nemendur þannig sérfræðingar í þeim efnum.

Mynd 11

Námsspil. Grænland



Mynd 12

Hópvinnuverkefni. Líf á norðurlóðum.



Matthildur talar um hve samstarfið við Wolfgang Edelstein var mikilvægt í tengslum við þær mikilvægu breytingar sem urðu á samfélagsfræðikennslu á þessum tíma. Hann hafi lagt áherslu á þá

félagsmótun sem fram fer í skólanum og hlutverk kennarans í að móta uppbyggileg samskipti í starfi með nemendum og stuðla þannig að virku námi og lifandi skóla. Kenningar Wolfgangs féllu vel að hugmyndum Matthildar um starf með börnum. Sýn hennar á nám barna og hlutverk kennarans í að styðja við það endurspeglast í frásögn Matthildar af kennslu hennar þar sem nemendur eru í brennidepli og fá að stunda nám sitt í takt við eigin þroska og hugðarefni.

Samstarf Matthildar og Gunnars Karlssonar sagnfræðings um samningu á kennslubók í Íslandssögu fyrir 10–12 ára nemendur sýnir hve öflug Matthildur var í að fá fagfólk til liðs við sig í kennslunni. Hún kynntist Gunnari þegar hún kenndi dóttur hans. Hún segir frá því að vorið áður en dóttir Gunnars átti að byrja að læra Íslandssögu hafi hún hitt hann í strætó og rætt við hann áhyggjur sínar af að kennsluefnið sem til var um sögu Íslands væri orðið gamalt og úrelt. Gunnar bauðst til að aðstoða Matthildi við að þróa sögukennslu sína næsta vetur. Gunnar skrifaði námsefni í Íslandssögu fyrir nemendur á miðstigi og kenndi Matthildur það efni í frumútgáfu. Áhersla Gunnars á líf og starf kvenna og barna í stað bardaga og stjórn málerja karla í fyrra námsefni féll vel að áherslum Matthildar í kennslu.

Umhverfismennt, náttúruskoðun og útivist

Skólasel Laugarnesskóla í Katlagili, sem er í Helgadal í Mosfellsbæ, nýtti Matthildur vel. Kennarafélag skólans keypti landið árið 1949 og reisti þar hús á 6. áratugnum. Síðan þá hafa nemendur skólans reglulega farið í ferðir í Katlagil, plantað trjám og notið útivistar. Matthildi er minnisstæð ferð sem hún fór í Katlagil með níu ára gömlum nemendum sínum og var gist eina nótt. Hún fékk nokkra foreldra til liðs við sig vegna þess hve ung börnin voru, „þeir gætu þá stutt við þau börn sem voru kannski uggandi yfir að gista fjarri heimili sínu“.

Það var alveg ógleymanlegt. Það var gott veður og við fórum um miðnætti út til þess að fylgjast með þegar að fuglasöngurinn þagnaði. Það er algjör kyrrð á ákveðnum tíma á miðnætti. Fuglarnir hætta að syngja.

Börnin voru líka hvött til að hlusta á lækinn sem rennur um landið og skrifa svo sögur sem þeim komu í hug við hlustun sína. Matthildur sagði frá því hvernig ferðirnar í Katlagil eru nýttar til rannsókna á náttúrunni. Þá eru víðsjár og stækkunargler tekin með til þess að skoða það sem börnin finna úti, svo sem pöddur eða gróður. Börnin rannsaka það sem þau finna í umhverfi skólaselsins og það er þannig nýtt til umhverfismenntar og útivistar.

Samantekt um kennsluferilinn

Þegar Matthildur lítur yfir starfsferil sinn sem kennara stendur upp úr sköpunargleðin og ánægjan með samvinnuna við börnin: „Ef að ég lít svo yfir allan minn starfsferil sem kennari, já þá, ... það var bara svo gaman að kenna.“

Lestrarkennsla var Matthildi alltaf hugleikin og frá upphafi kennsluferils síns var hún stöðugt að leita leiða til að glæða hana lífi og laga að reynslu og þörfum barnanna sem hún kenndi hverju sinni. Sú fræðilega þekking um hljóðaðferðina sem hún bar með sér úr kennaranáminu veitti henni styrk til að þróa sín eigin vinnubrögð og hún leitaði samstarfs við sérfræðinga utan skólans til að kynnst nýjum áherslum í lestrarkennslu.

Það sama átti við um aðrar námsgreinar sem Matthildur kenndi. Hún var dugleg að sækja námskeið til að afla sér nýrrar þekkingar og tók þátt í þróunarstarfi í samstarfi við námstjóra á Skólarannsóknadeild í stærðfræði og samfélagsfræði. Hún telur mikilvægt að kennarar þrói sína eigin nálgun í kennslunni en til þess þurfi þeir að hafa góða þekkingu á námi barna og ólíkum kennsluáferðum.

Matthildur lagði áherslu á samstarf við forráðamenn nemenda um nám þeirra. Hún gerði sér grein fyrir að það var lykilatriði að þeir fengju að kynnst þeim kennsluháttum sem hún viðhafði í skólanum því þeir höfðu sennilega fæstir kynnst slíkum vinnubrögðum á eigin skólagöngu. Þannig brást hún við gagnrýni í samfélaginu á breytta kennsluhætti.

Mynd 13

Kynning á vinnu nemenda.



Kennsluráðgjafi á Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur 1987–2000

Eftir 13 ára kennslu í Laugarnesskóla var Matthildur ráðin kennsluráðgjafi á Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur og síðustu fjögur árin á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur. Í starfi kennsluráðgjafa beitti hún sér fyrir því að styðja við þróunarstarf í skólum og skipuleggja og leiða námskeið fyrir kennara.

Hún rifjaði upp það sem var henni minnisstæðast úr starfi hennar sem kennsluráðgjafa:

- Kom á fót samvinnu milli leikskóla og grunnskóla.
- Kom á fót danskennslu í nær öllum grunnskólum borgarinnar.
- Hafði samvinnu við Kennaraháskólann um námskeið fyrir kennara.
- Stýrði starfsleikninámi í nokkrum grunnskólum.

„Þetta var það sem ég er kannski stoltust af varðandi kennsluráðgjafastarfið.“

Samstarf leik- og grunnskóla

Þegar Matthildur tók við sem kennsluráðgjafi hófst skólaskylda barna við sjö ára aldur. Svokallaðir forskólabekkir höfðu verið starfandi í grunnskólum í stórum sveitarfélögum frá því í upphafi 8. áratugarins og börnum þar hafði verið gefinn kostur á að byrja grunnskólanám við sex ára aldur. Árið 1990 var lögum um grunnskóla breytt og skólaskylda barna varð þá 10 ár, frá sex til 16 ára aldurs (lög nr. 52/1990 um breytingu á lögum um grunnskóla nr. 63/1974, með síðari breytingum).

Og þá var það kannski bara, það að ég kom á nánú samstarfi á milli leikskóla og grunnskóla og stóð fyrir námskeiðum í samvinnu við leikskólastjóra um að reyna að brúa bilið á milli leikskóla og grunnskóla ... það voru fastir fundir milli leik- og grunnskólakennara. Leikskólakennarar komu líka með fimm ára börnin í heimsókn í grunnskóla.

Þá tvo áratugi sem sex ára börn höfðu haft aðgang að forskólabekkjum í grunnskóla hafði stærstur hluti þeirra sótt þá. Grunnskólarnir höfðu reynt að þróa kennsluhætti sína og móta skólastarfið til að koma til móts við þarfir barna á þessum aldri. Leituðu margir samstarfs við leikskóla en ekkert formlegt samstarf var milli grunn- og leikskólakennara í Reykjavík um skilin milli skólastiganna. Matthildur hafði sjálf reynslu af slíku samstarfi og henni fannst mikilvægt að Fræðsluskrifstofan ætti frumkvæði að því.

Seinna tók Ísland þátt í norræna samstarfsverkefninu „Skolestart i Norden“. Verkefnið var unnið að frumkvæði norrænu ráðherranefndarinnar og beindist að því að finna leiðir til að brúa bilið milli

leik- og grunnskóla, bæði hvað varðaði inntak náms og starfshætti. Frumkvöðlastarf Matthildar á vegum Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur um tengsl leik- og grunnskóla átti sér því verðugan arftaka.

Danskennsla

Áhugi Matthildar á danskennslu fyrir börn og reynsla hennar af að kenna börnum dans varð henni hvati að því að koma á danskennslu á skólatíma fyrir öll börn í Reykjavík. Þáverandi fræðslustjóri, Áslaug Brynjólfsdóttir, studdi þetta verkefni og Matthildur átti samstarf um það við Íþróttakennarasambandið.

Annað sem var mér alveg óskaplega mikið hjartans mál, það var þegar ég kom á danskennslu í nær öllum grunnskólum borgarinnar ... og það var í samvinnu við borgarskrifstofuna, að koma því á ásamt því að ég var í nánu samstarfi við danskennara borgarinnar, Hermann Ragnar og Heiðar Ástvaldsson.

Matthildur rökstuddi það að koma danskennslunni á með því að dansinn tilheyrði svo mörgum námsgreinum, svo sem stærðfræði, móðurmáli, landafræði, samfélagsfræði, íþróttum, tónlist og sögu. Hún fékk því framgengt að danskennsla fór fram í yngstu bekkjum grunnskólans og var tíminn tekinn úr fastri stundaskrá hjá umsjónarkennurum:

Hjá bekkjarkennurum á þeim forsendum að dansinn höfðaði til svo margra námsgreina að það væri stætt á því að taka eina af kennslustundum bekkjarkennarans í danskennsluna. Og bekkjakennarar mátu það svo að eftir að þessi danskennsla hófst þá batnaði samstarfið. Andrúmsloftið í sumum bekkjardeildum varð afslappaðra vegna þess að drengir og telpur unnu saman á dansgólfinu.

Matthildur er ánægð með að hafa komið þessu verkefni á laggirnar og telur að það hafi haft góð áhrif á skólastarfið og samskipti nemenda. Þar byggði hún á eigin reynslu af því að flétta dans inn í skólastarfið og hún hafði séð hve jákvæð áhrif það hafði í nemendahópnum. Hún þurfti að berjast fyrir því að fá þessa kennslu inn í skólana því ekki var gert ráð fyrir henni í viðmiðunarstundaskrá sem gefin var út af Menntamálaráðuneytinu.

Samstarf um námskeið fyrir kennara

Matthildur er stolt af samstarfi sínu við Kennaraháskólann um að halda námskeið fyrir starfandi kennara. Á þeim árum sem hún var kennsluráðgjafi fengu kennarar námskeiðin metin til svokallaðra punkta og gátu safnað ákveðið mörgum punktum til þess að hækka um launaflokk:

Þannig að þetta kerfi, það var svo hvetjandi til þess að kennarar flyktust á námskeiðin. Það var svo gott hvað ég hafði mikið samband við Kennaraháskólann sem kennsluráðgjafi á Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur.

Námskeiðin voru flest bundin ákveðnum námsgreinum eða bundin við kennslu á ákveðnu aldursstigi. Kennarar fengu þar tækifæri til að hitta aðra kennara í Reykjavík sem kenndu sömu námsgrein eða kennara sem kenndu sama árgangi og þeir sjálfir.

Matthildur átti líka samstarf við Önnu Kristjánsdóttur, prófessor við Kennaraháskólann, um nýjar áherslur í stærðfræðikennslu. „Ég var svo lánsöm að komast í samstarf við Önnu Kristjánsdóttur í sambandi við nýja stærðfræðilega hugsun sem var svolítið á öðrum grundvelli heldur en hafði verið.“ Anna bauð henni að taka á þátt í námskeiði um rannsóknarverkefnið *Stærðfræðikennsla byggð á skilningi barna* (SKSB) sumarið 1995. Næstu þrjú árin kenndi hún, með Önnu og fleirum, um stærðfræðináms ungra barna í kennaranáminu þar sem byggt var á þeirri hugmyndafræði sem rannsóknarverkefnið SKSB byggist á. Um verkefnið er fjallað í grein um Kristjönu Skúladóttur sem tók þátt í sama námskeiði og Matthildur (Jónína Vala Kristinsdóttir og Ólöf Björg Steinþórsdóttir, 2023). Kristjana fékk á þessum tíma styrk, ásamt samkennurum sínum, frá Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur til að vinna að þróunarverkefni í stærðfræðikennslu í Melaskóla þar sem byggt var á niðurstöðum SKSB-

rannsóknanna. Viðtal birtist við Matthildi um breyttar áherslur í stærðfræðikennslu í *Morgunblaðinu* í tengslum við þetta verkefni (Nýjar stærðfræðiaðferðir í byrjendakennslu, 1997). Matthildur stóð svo fyrir námskeiðum á vegum fræðsluskrifstofunnar um stærðfræðinámsgrá ungra barna sem meðal annars voru byggð á niðurstöðum þessa rannsóknarverkefnis.

Þegar Matthildur tók við starfi kennsluráðgjafa vildi hún byggja á reynslu sinni og þekkingu á lestrarkennslu sem hún hafði öðlast á rúmlega 30 ára kennsluferli. Hún taldi sig hafa margt fram að færa sem gæti stutt kennara við að glæða áhuga nemenda á að læra að lesa. Þá þekkingu á hljóðlestraráðferðinni sem hún kynntist í Kennaraskólanum hjá Ísak Jónssyni hafði hún nýtt sér og þróað vinnubrögð sín í byrjun undir handleiðslu hans við Ísaksskóla og tengt við eigin áhugasvið. Síðar sótti hún námskeið um aðrar aðferðir í lestrarkennslu, svo sem um lestur á talmálsgrunni (LTG) (s. læsning þá talets grund) (Leimar, 1974). Þar er lögð áhersla á að vinna samhliða með talað mál og ritað og frásagnir barnanna eru lagðar til grundvallar lestrarnáminu. Þar fann Matthildur samhliða í reynslu sinni af að byggja hljóðsögur á sameiginlegri reynslu og áhugamálum barnanna og leyfa þeim að taka þátt í að móta ferlið við lestrarnámið. Eins og fram hefur komið lagði Matthildur alltaf áherslu á skapandi vinnubrögð í lestrarkennslunni og að börnin fengju tækifæri til að byggja á eigin styrkleikum við námið. Við þær áherslur vildi hún fá stuðning frá menntamálaráðuneyti við að kynna kennurum í Reykjavík. Það olli henni því vonbrigðum að ekki var grundvöllur fyrir samstarfi við ráðuneytið um námskeið um lestrarkennslu.

Matthildur fékk tækifæri til að taka þátt í námskeiði í Danmörku árið 1986 um rannsóknir á tengslum hljóðkerfisvitundar barna við lestrarferlið, ásamt fleiri íslenskum kennurum. Hugmyndafræðin og kennsluáðferðirnar voru í takt við þær áherslur sem Matthildur hafði verið með í lestrarkennslu sinni. Hún tók að sér að kynna námsefnið *Markviss málörvun* og þær hugmyndir sem það er byggt á í grunnskólum í Reykjavík og þótti henni vænt um að geta tekið þátt í að kynna það fyrir kennurum. Námskeiðið hefur verið notað í leikskólum og á yngsta stigi grunnskóla frá 1987.

Markviss málörvun studdi við það sem ég hafði áorkað í sambandi við lestrarkennsluna ...
ég náði ekki að breiða út þá lestrarkennslu sem ég hafði komið á í kennslu minni.

Þó að Matthildur fengi ekki tækifæri til að eiga samstarf við menntamálaráðuneytið um lestrarkennslu ungra barna þá gafst henni svigrúm til að kynna námsefnið um markvissa málörvun og þá hugmyndafræði sem það er byggt á fyrir kennurum í Reykjavík.

Leiðsögn á starfsleikninámskeiðum í skólum

Þegar Matthildur hóf störf sem kennsluráðgjafi sótti hún starfsleikninám við Kennaraháskóla Íslands sem Keith Humphreys stýrði. Að því loknu stýrði hún náminu í nokkrum skólum. Matthildur lýsir þessari reynslu þannig:

Kennsluráðgjöfum var falið að vera talsmenn fræðsluskrifstofanna og Áslaug vildi að ég tæki þátt í að breiða þennan boðskap til almennra kennara. Ég stýrði starfsleiknináminu í Laugarnesskóla, Langholtsskóla og Hamraskóla. Ég lagaði námið að þörfum skólanna því það var mín sýn í kennslu. Það var alveg óskaplega gjöfult að vinna með skólunum og með kennurunum, vegna þess að á þessum námskeiðum var það ekki bara að kennararnir væru að auðga þekkingu sína með því að hlusta á fyrirlesara – heldur ekkert síður að þeir komu saman sem voru að kenna sömu viðfangsefni og gátu skipst á hugmyndum og það myndaðist alls konar samvinna á milli kennara, en einnig þvert á skóla því það voru alltaf nokkrir skólar sem tóku þátt á sama tíma og mikil samvinna á milli þeirra. Þetta var alveg ómetanlegt.

Starfsleikninámið snerist um að kennarar skólans sóttu um að taka þátt í endurmenntun sem var samstarfsverkefni Kennaraháskóla Íslands og fræðsluskrifstofa. Í upphafi var lögð áhersla á námskrágerð á ýmsum stigum, skóla-, bekkjar- og einstaklingsnámskrá, en smátt og smátt þróaðist námið í að greina þarfir skólanna og skipuleggja það í samræmi við þarfir og óskir kennaranna. Um leið og starfsleikninámið snerist um að kennarar styrktu fagmennsku sína með því að auka hæfni

sína í starfi var nemandinn alltaf í brennidepli. Starfsleikninámið snerist um að finna leiðir og aðlaga kennslu, námsverkefni og námsmat að fjölbreyttum nemendahópum.

En starfsleikninámið var slegið af þegar borgin tók við 1996 og tekin upp allt önnur stefna í skólamálum. Þá áttu námskeiðin að vera fyrir alla kennara skólans, sama námskeiðið. Þetta gjörbreyttist þarna.

Matthildur hélt þó áfram að vinna með kennurum hinna ýmsu skóla, studdi þá við námskrárgerð og við að laga próf að fjölbreyttum námshópum.

Samantekt um kennsluráðgjafarferilinn

Þau verkefni sem Matthildi eru minnisstæðust úr starfi sínu sem kennsluráðgjafi tengjast öll þáttum sem hún vann að á kennsluferli sínum.

Stærsta hluta kennsluferilsins kenndi hún börnum sem voru að byrja í formlegu skólanámi og þekkti því vel hve mikilvægt var að taka vel á móti þeim, hlúa að þörfum þeirra til náms og taka tillit til ólíkra einstaklinga. Þegar forskólabekkjum var komið á í skólum landsins voru margir hræddir um að starfshættir og skipulag í grunnskólum hentaði ekki svo ungum börnum. Matthildur þekkti þetta af eigin raun og í lýsingum hennar á kennslunni kemur skýrt í ljós hve ötul hún var við að huga að námsleiðum ungra barna. Söngur, dans, leikir, spil og samvinna eru ráðandi í lýsingum hennar á skólastarfinu. Það kemur því ekki á óvart að hún lagði kapp á að stuðla að samstarfi milli leik- og grunnskóla borgarinnar svo bæði börn og kennarar fengju tækifæri til að kynnst starfsvettvangi hver annarra og stuðla þannig að samfellu í námi barnanna.

Samstarfið við Íþróttakennarasambandið og danskennara í Reykjavík um danskennslu á yngsta stigi grunnskólans spratt líka af reynslu Matthildar af að flétta dans inn í kennslu sína. Það var ekki gert ráð fyrir sérstökum danstímum í viðmiðunarstundaskrá fyrir skólana og því ekki sjálfgefið að koma danstímum fyrir á stundaskrá. Matthildi tókst að rökstyðja að dansinn væri eðlilegur hluti af náminu og koma honum fyrir á stundaskrá. Hún lagði áherslu á að í dansinum styrktust félagsleg tengsl barnanna.

Á kennsluferlinum var Matthildur dugleg að sækja námskeið og átti gott samstarf við námstjóra sem sáu um námskeið á meðan Skólarannsóknadeild hafði það hlutverk. Þegar hún varð kennsluráðgjafi vildi hún koma á fót námskeiðum fyrir kennara í borginni. Þá hafði Kennaraháskólinn umsjón með námskeiðum fyrir starfandi kennara og fannst Matthildi eðlilegt að eiga samráð við hann um námskeiðahald. Hún stóð fyrir fjölda námskeiða um kennslu yngri barna á ferli sínum sem kennsluráðgjafi.

Matthildur tók þátt í starfsleikninámi á vegum Kennaraháskóla Íslands í upphafi starfs síns sem kennsluráðgjafi. Eftir að því lauk tók hún að sér að stýra starfsleikninámi í þremur grunnskólum borgarinnar. Á þeim tíma þróaðist námið í þá átt að byrja á að greina þarfir skólanna og á þeim grunni vinna að námskrárgerð sem tók mið af þeim. Um leið beindust sjónir kennaranna að nemendum og þörfum þeirra og því að laga skóla-, bekkjar- og einstaklingsnámskrár að fjölbreyttum hópum og einstaklingum. Reynsla Matthildar sem kennari nýttist henni vel við að styðja kennara í þessari vinnu. Það olli henni vonbrigðum, þegar sveitarfélögin tóku við rekstri grunnskólanna, að hætt var að bjóða upp á starfsleikninám í skólum borgarinnar.

Að lokum

Þegar við hittum Matthildi til að ræða við hana um starfsferil hennar var henni efst í huga reynsla sín sem kennsluráðgjafi. Þar sem við höfðum fylgst með henni á þeim tíma og tekið þátt í ýmsum verkefnum með henni dvöldum við lengi við þá umræðu og rifjuðum upp ýmislegt úr sameiginlegum reynslubrunni. Matthildur og Hafdís höfðu oft átt samræður um þróun kennslumála og þeim fannst að skrá þyrfti hugmyndir og reynslu kennara um starfið. Þær fengu til liðs við sig Árdísi Ívarsdóttur,

sem þá var aðstoðarskólustjóri í Borgaskóla, og settu af stað starfendarannsókn með nokkrum grunnskólakennurum. Afrakstur þessa samstarfs var bókin *Fagleg kennsla í fyrirrími* sem kom út árið 2005 (Hafðís o.fl., 2005). Í henni er fjallað um kenningar um nám og kennslu, kennsluhætti, verkvið kennarans, samvirkt nám, námsmat og foreldrasamstarf. Einnig fylgja bókinni kennsluáætlanir frá kennurum sem tóku þátt í starfendarannsókninni. Matthildur hafði mikil áhrif á hvaða þættir voru teknir til umfjöllunar og endurspeglar inntak bókarinnar vel þá miklu fagmanneskju sem Matthildur er, hugmyndarík og lausnamíðuð.

Eftir því sem á samtalið leið fóru að koma minningar úr kennslu hennar. Þá kom í ljós hve sterkur fagmaður hún er og hve ötul hún hafði verið að sækja sér þekkingu og leita eftir samstarfi við fólk sem hún fann að gat stutt hana við að þróa starf sitt. Samstarf við námstjórana Ingvar Sigurgeirsson og Önnu Kristjánsdóttur var henni dýrmætt og þannig gat hún fylgst með þróun í námsefnisgerð og kennsluháttum. Stuðningur Wolfgangs Edelstein (Ingólfur, 2008) við námsefnisgerð í samfélagsfræði var henni hugleikinn og áhersla hans á þátt skólans í félagsmótun barna og unglunga féll vel að sýn hennar á skólastarf. Wolfgang (2008) telur að uppbyggileg samskipti nemenda og kennara um nám stuðli að virku námi og lifandi skóla. Í frásögn Matthildar kom endurtekið fram að hún hefði tileinkað sér að skapa aðstæður til samskipta í skólastofunni og að nemendur fengju að taka þátt í að þróa eigið námsferli.

Frumkvæði Matthildar að því að fá Gunnar Karlsson sagnfræðing til að skrifa námsefni í Íslandssögu fyrir grunnskóla sýnir hve traust samstarf hún átti við forráðamenn nemenda sinna. Hún viðraði við Gunnar áhyggjur sínar af að námsefni í Íslandssögu, fyrir miðstig grunnskóla, væri gamalt og úrelt. Úr varð að hann bauðst til að skrifa námsefni sem hún svo tilraunakenndi í frumútgáfu. Vafalítið hefur Matthildur haft áhrif á að áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð nemenda og að teiknimyndasögur voru notaðar til að sviðsetja atburði (Sverrir, 2020). Umfjöllun um daglegt líf barna og kvenna var gefið mikið rými og minni áhersla lögð á bardaga og stjórn málaerjur en í fyrri kennslubókum í Íslandssögu fyrir börn (Gunnar, 1985, 1986, 1988). Við höfundar greinarinnar, fengum tækifæri til að nota námsefni Gunnars í kennslu okkar á 8. og 9. áratug síðustu aldar og fannst við hafa fengið í hendur námsefni sem studdi okkur við þau vinnubrögð og áherslur sem við lögðum í kennslu okkar. Þá vissum við ekki af forsögu þess að efnið var skrifað en skiljum nú að faglegt samstarf sagnfræðings og kennara stuðlaði að því að svo vel tókst til.

Þekkingarleit, hugmyndaugi, áræðni og framsækni einkenndu starfsferil Matthildar. Frá upphafi kennsluferilsins lagði hún sig fram um að styðja við nám nemenda sinna með fjölbreyttri nálgun og fagmennsku. Verklegr vinnubrögð þar sem áhersla var á tengsl hugar og handar þar sem nemendur leituðu þekkingar með hvers kyns rannsóknum (Ingólfur, 2008) einkenndu kennsluhætti hennar. Þegar henni fannst að sér þrengt færði hún sig um set og naut þess að fá rými til að þróa kennsluhætti sína á nýjum vettvangi. Hún sótti sér stöðugt faglegan styrk með því að sækja námskeið og vinna með sérferðingum á sviði náms og kennslu. Eftir farsælan kennsluferil í rúma þrjú áratugi tók Matthildur við starfi kennsluráðgjafa hjá Reykjavíkurborg og lagði sig þar fram um að nýta þá þekkingu sem hún hafði aflað sér til að styðja við starf kennara í grunnskólum borgarinnar.

“It was just such a pleasure to teach.”

Matthildur Guðmundsdóttir, teacher and educational consultant

Narratives regarding teachers’ classroom practices from teachers who have retired from their professional lives provide valuable information for student teachers and teacher educators about developments in teachers’ practices. This book article aims to give an insight into the work of a primary school teacher, Matthildur Guðmundsdóttir, who started her teaching career in the mid-20th century and finished her career as an educational consultant at the end of the century.

Aspects of school development and teaching methods in Iceland in the second half of the 20th century are discussed to shed light on Matthildur’s story of her professional career and the aspects that influenced her work as a teacher and educational consultant.

When Matthildur began her teaching career, there was a flush in education policy in many countries and changes were made in school systems, teacher training, curriculum writing and assessment methods. More emphasis was placed on diverse groups of students’ access to education, and people’s views of the nature of knowledge and its benefits for our society changed (Wolfgang Edelstein, 2008).

Narrative inquiry was conducted when writing Matthildur’s story, which is described and placed chronologically. This approach helped us capture the moment she expressed at each instance in her narrative. Two interviews were conducted with her. In the first interview, she talked about what was most memorable from her career. The themes in her story were analysed, and in the second interview, the elements that shaped the narrative were discussed in more detail.

In her professional life as a teacher, Matthildur actively studied innovations in teaching practices and progress in school work and adapted them to her classroom practices. She collaborated with inspectors at the Department of Educational Research and the Iceland University of Education staff. The teaching of reading was at her heart, and she looked for ways to improve her teaching methods, making learning to read interesting and enjoyable. She collaborated with specialists in mathematics teaching and sought advice for introducing to parents how she used open tasks and hands-on materials when teaching her students mathematics. Participation in a course about new curriculum material in social studies resulted in her collaboration with a group of teachers who developed ways of teaching social studies. Environmental education and outdoor learning intertwined with her teaching of all subject areas.

When she took on the position as an educational consultant at the Reykjavík Education Office, Matthildur made use of her experience as a teacher and continued to collaborate with professionals in the field of education. She was proud of her contribution to the transition project between kindergartens and elementary schools. Her innovative work concerning dance lessons in the city’s elementary schools, where she collaborated with the Sports Federation and private dancing school in Reykjavík, was successful. The cooperation with the Iceland University of Education contributed to a joint effort to improve teachers’ opportunities for professional development.

The Iceland University of Education, in collaboration with educational offices, organised a Professional skills program that was popular in Icelandic primary schools in the late 19th century. As an educational consultant, Matthildur participated in the program and later on was responsible for organising it in some schools. Emphasis was placed on creating an individual curriculum in special education, and the analysis of learning needs, goal setting, planning of studies and assessment were discussed. Many teachers found that the professional practice program profoundly affected their work in their schools (Þorsteinn Sigurðsson, 1991).

In 2005, the book *Fagleg kennsla í fyrirríumi* was published by Hafdís Guðjónsdóttir, Árdís Ívarsdóttir and Matthildur Guðmundsdóttir. The book was built on action research conducted with a group of teachers who collected data from their practices and shared it with the authors.

The intention was to collect stories from teachers about their practices, experiences, and ideas about teaching and learning. As well as working with the teachers doing their action research, Matthildur shared her knowledge and understanding built on her long-time experience as a teacher.

We have concluded that Matthildur succeeded in developing her classroom practices during the more than 30 years she worked as a teacher. Her collaborations with her colleagues and other professionals were significant. During her career as an educational consultant, she built on her teaching experiences and continued to collaborate with other professionals in the education field.

Keywords: Reading teacher, collaboration, educational consultant, dancing training, professional practice

Um höfunda

Jónína Vala Kristinsdóttir (joninav@hi.is) er fyrrverandi dósent í stærðfræðimenntun við deild kennslu- og menntunarfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk bakkalárprófi frá Kennaraháskóla Íslands 1975, meistaraþrófi frá sömu stofnun árið 2003, doktorsprófi frá Háskóla Íslands árið 2016 og prófi í uppeldisfræði frá Uppsalaháskóla 1983. Hún var bekkjarkennari og æfingakennari við Æfingaskóla Kennaraháskóla Íslands í 20 ár. Jónína hefur skrifað námsefni í stærðfræði fyrir miðstig grunnskóla, unnið að námskrágerð í stærðfræði og kennt á fjölmörgum námskeiðum fyrir kennara auk kennslu í grunn- og framhaldsnámi kennara um stærðfræðimenntun. Rannsóknarsvið hennar tengist stærðfræðinámi og -kennslu í skóla fyrir alla, starfstengdri sjálfsrýni og samvinnurannsóknum með kennurum.

Hafdís Guðjónsdóttir (hafdgud@hi.is) er prófessor emerita en hún starfaði við Kennaraháskóla Íslands og síðan Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Á fyrri hluta starfsferilsins starfaði hún sem kennari við grunnskóla í Reykjavík og Hafnarfirði og sinnti bæði bekkjar- og sérkennslu. Rannsóknir hennar byggjast aðallega á eigindlegum rannsóknum, starfstengdri sjálfsrýni og starfendarannsóknum. Í rannsóknum sínum leggur hún áherslu á menntun án aðgreiningar, fjölmenningarlega kennslu, kennslufræði, starfsþróun kennara og fagmennsku, en einnig á kennaramenntun og þróun kennaramenntenda.

About the authors

Jónína Vala Kristinsdóttir (joninav@hi.is) is a former Associate Professor of Mathematics Education at the University of Iceland, School of Education. She completed a bachelor's degree in 1975 and a master's degree in education from the Iceland University of Education. She completed a bachelor's degree in pedagogy from the University of Uppsala in 1983 and her PhD degree from the University of Iceland in 2016. Jónína worked for twenty years as a general classroom teacher in primary schools. Teaching is her primary profession, and she has been active in curriculum planning and writing for primary schools in mathematics. She taught undergraduate and graduate courses in mathematics education. Her research interests are mathematics learning and teaching in diverse classrooms, developmental research with teachers, and the self-study of teacher education practices.

Hafdís Guðjónsdóttir (hafdgud@hi.is) is a professor emerita. She worked at the University of Iceland School of Education (IUE) for 22 years. Before working at the university, she taught for 26 years as a general classroom teacher and special educator at a compulsory school. Her qualitative research methodology mainly focuses on the self-study of education practices. Her research interests include inclusion and multicultural education, pedagogy and educational practices, teacher development and professionalism and teacher education.

Heimildir

- Clandinin, D. J. (2013). *Engaging in narrative inquiry*. Left Coast Press.
- Clandinin, D. J., & Connelly, F. M. (2000). *Narrative inquiry: experience and story in qualitative research*. Jossey-Bass.
- Gunnar Karlsson. (1985). *Sjálftæði Íslendinga 1: Íslensk stjórnmálasaga þjóðveldisaldar skrifuð handa börnum*. Námsgagnastofnun.
- Gunnar Karlsson. (1986). *Sjálftæði Íslendinga 2: Íslensk stjórnmálasaga konungveldis 1264–1800 skrifuð handa börnum*. Námsgagnastofnun.
- Gunnar Karlsson. (1988). *Sjálftæði Íslendinga 3: Íslensk stjórnmálasaga 19. og 20 aldar skrifuð handa ungu fólki*. Námsgagnastofnun.
- Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir. (2005). *Fagleg kennsla í fyrirrúmi*.
- Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir. (2018). *Markviss málörvun: Þjálfun hljóðkerfisvitundar*. Menntamálastofnun. <https://mms.is/namsefni/markviss-malorvun-rafbok>
- Helga Magnúsdóttir. (1987). Hljóðaaðferðin. Í Indriði Gíslason og Guðmundur B. Kristmundsson (ritstjórar), *Lestur – mál* (bls. 95–108). Íðunn.
- Helgi Skúli Kjartansson. (2008). Bókvitnið í askana. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007, 2. bindi* (bls. 85–98). Háskólaútgáfan.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2008). Aðalnámskráin 1976–1977 og nútímaleg kennslufræði. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007, 2. bindi* (bls. 120–135). Háskólaútgáfan.
- Jónína Vala Kristinsdóttir og Ólöf Björg Steinþórsdóttir. (2023). Að móta námsumhverfi þar sem skapandi hugsun er í fyrirrúmi: Kristjana Skúladóttir, stærðfræðikennari. Í *Sérítt Netla 2023 - Þau skiptu máli: Sögur grunnskólakennara*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2023.5>
- Leimar, U. (1974). *LTG – Läsning på talets grund*. Liber Läromedel.
- Lög nr. 52/1990 um breytingu á lögum um grunnskóla nr. 63/1974, með síðari breytingum. <https://www.althingi.is/altext/stjt/1990.052.html>
- Menntamálaráðuneytið. (1997). *Brúum bilið: Rit um tengsl leikskóla og grunnskóla*. https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/mrn-pdf_upplysingar-utgefing/bruumbilid.pdf
- Nýjar stærðfræðiaðferðir í byrjendakennslu. (1997, 4. mars). *Morgunblaðið* [viðtal], bls. 30. <https://timarit.is/page/1873931#page/n29/mode/2up>
- Sverrir Jakobsson. (2020). Þúsundþjalasmiðurinn Gunnar Karlsson og áhrif hans á íslenska sagnfræði: Minningarorð. *Saga: Tímarit Sögufélags*, 58(1), 137–152.
- Wolfgang Edelstein. (2008). *Skóli – nám – samfélag*. Háskólaútgáfan.
- Þorsteinn Sigurðsson. (1991). Hver verða áhrif starfsleiknínámsins á starfið í grunnskólanum? *Glaður*, 1(1), 30–33.



Jónína Vala Kristinsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir. (2023).

„Það var bara svo gaman að kenna“ Matthildur Guðmundsdóttir, kennari og kennsluráðgjafi

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérítt 2023 – Þau skiptu máli: Sögur grunnskólakennara

Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2023/sogur_grunnskolakennara/03.pdf

DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2023.6>